

Fundargerð

172. fundur stjórnar Úrvinnslusjóðs haldinn á skrifstofu sjóðsins

Þriðjudaginn 16. október 2012 kl. 12⁰⁰ – 14⁰⁰.

Viðstödd: Guðmundur G. Þórarinnsson (GGÞ), formaður Ólafur Kjartansson (ÓK), framkv.stj.
Bryndís Skúladóttir (BS)
Guðfinnur G. Johnsen (GGJ) Guðlaugur G. Sverrisson (GGS), fundarritari.
Lárus M.K. Ólafsson (LÓ)
Halldór Haraldsson (HH)
Bryndís Gunnlaugsdóttir (BG)

Á fundinum var eftirfarandi lagt fram varðandi þá liði dagskrár sem getið er í sviga:

- (1) Fundargerð síðasta fundar
- (2) Samningur við Stýrinefnd
- (3) Rekstraryfirlit og áætlun 2010 - 2015
- (4) Breytingar á lagaákvæðum um raftæki
- (5) Skýrsla frá WEEE forum
- (6) Könnun á magni spilliefna
- (7) Hreinsun smurolíuúrgangs
- (8) Rekstur janúar – ágúst 2012
- (9) Önnur mál

1. Fundargerð

Lögð var fram fundargerð síðasta fundar (171. fundar).

2. Samningur við Stýrinefnd

Lögð eru fram drög af samningi milli Úrvinnslusjóðs og Stýrinefndar með fram komnum athugasemdum stjórnarmanna. BS fór yfir málið. Hún fór sérstaklega yfir ákvæði um greiðslur til Stýrinefndar, frá UAR greiði skilakerfin ekki. Athugasemdir komu um umfang verkefnisins, sem tekið var tillit til og það afmarkað betur. Ekki er ennþá ljóst hvort reikningar Úrvinnslusjóðs til Stýrinefndar eigi að vera með VSK eða ekki, en ekki er fjallað um það sérstaklega í samningnum. Uppgjörstímabil skuli vera til þriggja mánaða í senn. Uppsagnarákvæði skal innhalda 3ja mánaða uppsagnafrest.

Samþykkt að skrifa undir framlagðan samning með fyrirvara um breytingar á uppgjörstímabili og uppsagnarákvæði í samræmi við óskir stjórnarmanna. ÓK falið að ganga frá samningi og senda undirritaðan af GGÞ og ÓK til UAR til staðfestingar.

3. Rekstraryfirlit og áætlun 2010 - 2015

Lagt var fram á fundinu rekstraryfirlit og endurkoðuð áætlun 2010 – 2015, sem kynnt var á síðasta stjórnarfundinum. Í áætluninni koma fram tillögur um breytingar á úrvinnslugjaldi. ÓK fór yfir áætlunina. Farið var yfir stöðu í hverjum vörflokkum og sýnt fram á hækkunarþörf í nokkrum

flokkum. BS óskaði eftir að haldinn yrði fundur með fulltrúum iðnaðarins og starfsmönnum Úrvinnslusjóðs sem fyrst þar sem farið yrði yfir forsendur fyrirhugaðra gjaldahækkana. Stjórn ræddi um uppskiptingu á plastflokknum, þ.e annarsvegar umbúðplast og heyrúlluplast. Minnt var á óskir UAR á sínum tíma var að sameina gjöld vegna plastumbúða og hætta aðskilja gjaldtöku eftir notkun eða tegund plasts Stjórn ræddi það að betra væri að hafa samskonar greiðslur við meðhöndlun á flokkuðu úrgangsplasti, en nú er greitt mismunandi eftir því hvort þjónustuaðili er að meðhöndla heyrúlluplast eða annað umbúðplast. Umræðu frestað. Lagt var fram á fundinum gögn um áhrif á því að hækka skilgjald til síðasta eiganda af ökutæki. ÓK upplýsti að skil að ökutækjum virðast vera að aukast á ný, samkvæmt tölum frá Umferðarstofu. Dreift var á fundinum línuriti um aldur bíla sem skilað er til úrvinnslu. Umræðu frestað.

4. Breytingar á lagaákvæðum um raftæki

Fyrir liggur að umhverfis- og auðlindaráðuneytið (UAR) ætlar að breyta lagaákvæðum um raftæki í haust. Farið var yfir að óformleg niðurstaða eftir fundi með fulltrúum ESA og UAR um að svokölluð úrvinnslusjóðsleið geti gengið enda verði tryggt að framleiðendur geti stofnað skilakerfi við hlið sjóðsins. Haldnir hafa verið fundir, m.a. með fulltrúum SVÞ, SI, LÍU og Úrvinnslusjóðs þar sem málin hafa verið rædd. Lagt var fram á fundinum skjal þar sem afstaða Eftirlitsstofnunar EFTA til spurninga ráðuneytisins um málið kom fram sem og afstaða ráðuneytisins til málsins og tillaga eða hugmyndir ráðuneytisins um fyrirkomulag. Stjórn ræddi svör UAR og taldi að ekki fælist í þeim lausn á vanda sem nú er til staðar vegna innsöfnunar og meðhöndlun á raftækjaúrgangi.

5. Skýrsla frá WEEE forum

Lögð voru fram drög að skýrslu GGS, sem fór í september á ráðstefnu um raftæki, WEEE Forum. Frestað.

6. Könnun á magni spilliefna

ÓK gerði á fundinum grein könnun sem unnin var af verkfræðistofunni EFLU á magni spilliefna í hinum ýmsu flokkum.

7. Hreinsun smurolíuúrgangs

Lögð voru fram á fundinum bréfaskipti vegna hreinsunar smurolíuúrgangs á vegum Olíudreifingar. Frestað.

8. Rekstur janúar – ágúst 2012

Lagt var fram yfirlit yfir rekstur vörflokka fyrstu níu mánuði ársins.

9. Önnur mál

Engin

Næsti fundur ákveðinn 30. október 2012.

Fundi slitið kl 14:00